

Borgarstjórn Reykjavíkur
15. mars 2016

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að heimilt verði að opna fundi ráð og nefnda og hefja beinar útsendingar frá þeim

Fundir fastanefnda Reykjavíkurborgar eru ávallt haldnir fyrir luktum dyrum og er fundarmönnum óheimilt að segja frá því sem þar kemur fram eða greina frá ummælum og afstöðu þeirra sem sitja fundina. Í sveitarstjórnarlögum er heimild til þess að halda opna nefndarfundi ef ósk kemur fram um slíkt og svo fremi sem lög og eðli máls hamla því ekki. Ekki eru sambærilegar heimildir í samþykktum borgarinnar og eru sveitarstjórnarlögin að þessu leyti opnari og lýðræðislegri heldur en samþykktirnar. Lagt er til að ákvæðum samþykktu fastanefnda borgarinnar verði breytt þannig að heimilt verði að verða við óskum um að reglubundnir fundir ráða og nefnda verði opnir almenningi. Þá er lagt til að opnað verði fyrir og undirbúið að hefja beinar útsendingar frá fundum ráða og nefnda með rafrænum hætti þannig að borgarbúar geti hlustað á að það sem þar fer fram og fylgst með því hvernig ákvörðun er undirbúin og tekin í einstökum málum og hvernig kjörnir fulltrúar rökstyðja afstöðu sína til þeirra. Hvert ráð fyrir sig móti sér skýrar og aðgengilegar reglur varðandi opna fundi og útsendingar frá fundum.